SUMARIÐ Á HRAFNSEYRI

Starfsskýrsla 2026

Menningarstarf, fræðsla, gestakomur og rannsóknir

Maí

11. maí | Undirbúningur fyrir sumarið

Þann 11. maí héldu staðarhaldari og kaffihússtýra vestur í Arnarfjörð til að undirbúa opnun staðarins fyrir sumarið og taka á móti vorfuglum og vorhópum sem leggja leið sína á Hrafnseyri á þessum tíma. Nokkrar breytingar voru gerðar á kaffihúsinu til að auðvelda afgreiðslu og heppnuðust þær mjög vel.

18. maí | Heimsókn 8. bekkjar Grunnskóla Ísafjarðar

Þann 18. maí kom fyrsti skólahópurinn til okkar, en það voru nemendur í 8. bekk Grunnskóla Ísafjarðar. Þau fengu fræðslu og tóku þátt í leikjum á túninu á Hrafnseyri.

8. bekkur Grunnskólans á Ísafirði





19. maí | Fyrstu skipafarþegarnir

Daginn eftir, eða 19. maí, komu fyrstu skipafarþegar sumarsins til okkar. Þeir eru stór hluti þeirra sem heimsækja Hrafnseyri og koma í skipulögðum ferðum, oftast með sömu ferðaþjónustuaðilum sem koma með alla hópa sem þeir fara með að Dynjanda til okkar.

20. maí | Fundur Hrafnseyrarnefndar

Þann 20. maí fundaði Hrafnseyrarnefnd á Hrafnseyri. Þrír nefndarmenn mættu á staðinn en þrír tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Fjórir skipadagar voru í maí.

Júní

1. júní | Grunnskólinn á Þingeyri

Þann 1. júní kom svo allur grunnskólinn á Þingeyri til okkar í heimsókn. Farið var í skemmtilegan ratleik um Hrafnseyri og vísbendingar um sögu staðarins leitaðar uppi. Gaman var að sjá samvinnu yngri og eldri nemenda. Síðan fengu allir kökur því verið var að halda upp á afmæli Ísafjarðarbæjar. Krakkarnir léku sér svo í alls konar leikjum í góða veðrinu á túninu á Hrafnseyri.





Nemendur Grunnskólans á Þingeyri.

1. júní | Verkfundur um Mjólkárlínu 2

Þann dag var líka haldinn verkfundur á Hrafnseyri vegna framkvæmda við Mjólkárlínu 2 sem fóru fram í sumar. Þar voru mættir fulltrúar frá Landsneti, Vegagerðinni og Borgarverki auk staðarhaldara. Rætt var um verkið, möguleg áhrif þess á gestakomur, umferðaröryggi og framkvæmdina sjálfa. Allir voru á sama máli um að gera allt til að tryggja öryggi og að umferð gengi vel um framkvæmdasvæðið. Framkvæmdin hafði mikil áhrif á Hrafnseyri og voru margir gestir óánægðir með hversu holóttur vegurinn var eftir umferð stórra véla. En með samvinnu allra og þolinmæði gesta og ferðaþjónustuaðila gekk þetta upp. Loforð voru gefin um að vegurinn yrði lagfærður að verki loknu.





Verkfundur haldinn á Hrafnseyri.

9. júní | Heimsókn hóps frá Suður-Ameríku

Þann 9. júní kom stór hópur frá Suður-Ameríku í heimsókn og fékk fyrirlestur um sögu staðarins.



Glaðlegur hópur gesta frá Suður-Ameríku.

Júní | Undirbúningur þjóðhátíðardagsins

Undirbúningur hófst svo í júní fyrir aðalhátíðarhöldin sem fara fram á þjóðhátíðardeginum 17. júní. Kaffihússtýran lagði parket á alla efri hæð hússins og á eldhúsið í kjallaranum í byrjun júní.

16. júní | Undirbúningur hátíðarhalda

Þann 16. júní kom svo fjöldi gesta á Hrafnseyri sem hjálpaði okkur að halda hátíðarhöldin. Guðni Th. Jóhannesson, prófessor í nafni Jóns Sigurðssonar, mætti, svo og 11 manns sem komu til að aðstoða okkur, en töluvert þarf af fólki til að hjálpa þegar svo margir gestir heimsækja staðinn.

17. júní | Þjóðhátíðardagurinn á Hrafnseyri

Ræðukona dagsins var Kristín Svava Tómasdóttir sagnfræðingur. Prestur við guðsþjónustuna var sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir. Fjallkona var Hrafnhildur Svala Sigurjónsdóttir og um tónlistaratriði sáu Jón Gunnar Biering og Steingrímur Rúnar, voru flutt gömul íslensk lög og spilað undir á langspil. Dagurinn endaði svo á háskólahátíð þegar fram fór útskriftarathöfn vestfirskra háskólanemenda frá Háskólasetri Vestfjarða. Það er alltaf hátíðleg stund á Hrafnseyri á þessum degi. Dagurinn heppnaðist mjög vel í ljúfu og fallegu veðri og yfir 200 gestir heimsóttu okkur þennan þjóðhátíðardag.



Prúðbúnir gestir gæða sér á veitingum.



Hópurinn sem aðstoðaði við að halda daginn hátíðlegan.

18. – 21. júní | Sögufræðsla Guðna Th. Jóhannessonar

Dagana eftir stóð Guðni Th. Jóhannesson vaktina á Hrafnseyri og fræddi gesti um sögu staðarins.

27. júní | Málþing um Tjaldaneseldstöðina

Þann 27. júní var haldið málþing um Tjaldaneseldstöðina sem er á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Þeir Kristján Ágústsson jarðeðlisfræðingur, Ágúst Guðmundsson jarðfræðingur og Jón Reynir Sigurvinsson jarðfræðingur og jarðverkfræðingur héldu merkilega fyrirlestra um þessa stórkostlegu eldstöð sem lítið hefur verið rannsökuð. Málþingið var gríðarlega vel sótt og komu milli 60 og 70 manns. Eftir það var boðið upp á að fara í fjórhjólaferð upp að eldstöðinni. Fjölmargir gestir komu langt að og margir komu að sunnan til að hlýða á fræðimennina.





Húsfyllir á málþinginu sem var mjög vel heppnað.

28. júní | Sagnakvöld Kómedíuleikhússins

Þann 28. júní fór staðarhaldari yfir í næsta fjörð og tók þátt í sagnakvöldi hjá Kómedíuleikhúsinu þar sem sögð var saga Hrafns Sveinbjarnarsonar út frá sjónarhorni eiginkonu hans, Hallberu Einarsdóttur.

Júní | Skipakomur og gestir

Júní fór frekar hægt af stað hvað varðar ferðamenn aðra en þá sem komu af skipunum. Skráðir voru 14 skipadagar á Hrafnseyri í júní en viðburðirnir drógu að fjölda gesta.

Júlí

4. júlí | Flugklúbbur Mosfellsbæjar í heimsókn

Þann 4. júlí var skemmtilegur dagur á Hrafnseyri því þann dag lentu fimm flugvélar á flugvellinum framan við Hrafnseyri. Þetta voru félagar í flugklúbbi Mosfellsbæjar sem komu í heimsókn og fengu leiðsögn um svæðið, bæði á Hrafnseyri og Auðkúlu. Félagarnir voru hæstánægðir með ferðina, flugvöllurinn reyndist hinn besti og höfðu þeir orð á að gera þetta að árlegri heimsókn á Hrafnseyri.



Fimm flugvélar lentar á flugvellinum á Hrafnseyri.

7. júlí | Heimsókn SIT hóps

Þann 7. júlí kom hópur frá Háskólasetri Vestfjarða, SIT-hópurinn, og hlýddi á fyrirlestur og fékk svo kaffiveitingar. Alltaf er gaman að taka á móti þessu unga og áhugasama fólki.

10. júlí | Sýning á skipalíkönum

Þann 10. júlí var svo opnuð sýning í burstabænum á Hrafnseyri á skipalíkönum sem Ingvar Friðbjörn Sveinsson hefur gert. Líkönin eru listasmíð, nákvæmar eftirmyndir af togurunum Júpíter GK 161 og Júní GK 345. Í verkum sínum hefur Ingvar Friðbjörn Sveinsson skapað nákvæm og einstök líkön af skipum og togurum sem bera með sér sögu sjávarútvegs, mannlífs og menningar við strendur Vestfjarða. Sýningin vakti mikla athygli og dró að fjölda gesta. Sýningin stóð yfir til loka ágúst.



Hin stórkostlegu skipalíkön sem sýnd voru í sumar.

15. júlí | Sögu- og prjónakvöld

Þann 15. júlí var haldið sögu- og prjónakvöld. Það voru 14 hressar konur sem mættu. Sögð var saga af morðinu á Hrafni Sveinbjarnarsyni frá sjónarhorni móður hans og eiginkonu.





Hópur hressra kvenna lét ekki undanúrslit HM stoppa sig og kom á prjóna/sögukvöld.

Ágúst

4. ágúst | Heyannir á Hrafnseyri

Þann 4. ágúst voru svo heyannir á Hrafnseyri í annað sinn. Eins og í fyrra komu Sigurlaugur Ingólfsson og Ingibjörg Áskelsdóttir frá Borgarsögusafni og kenndu gestum og gangandi réttu handbrögðin og fræddu um hvernig heyannir fóru fram til forna. Viðburðurinn fór fram í blíðskaparveðri og fjöldi gesta sótti hann.





Heyannir á Hrafnseyri í blíðskaparveðri.

6. ágúst | Heimsókn Félags sögukennara

Þann 6. ágúst kom Félag sögukennara á Hrafnseyri og fræddu Guðni Th. Jóhannesson, prófessor á Hrafnseyri, og staðarhaldari kennarana um sögu staðarins. Heimsóknin var liður í nokkurra daga dagskrá félagsins á Vestfjörðum.



Dr. Guðni Th. prófessor í nafni Jóns Sigurðssonar fræðir kollega sína.

8. ágúst | Vestfirski fornminjadagurinn

Þann 8. ágúst hélt staðarhaldari erindi á hinum vestfirska fornminjadegi og fræddi gesti um rannsóknir í Arnarfirði og niðurstöður nýrra aldursgreininga. Viðburðurinn var vel sóttur að vanda.





Staðarhaldari hefur tekið þátt í vestfirska fornminjadeginum í mörg ár,

12. ágúst | Sólmyrkvinn

Sólmyrkvinn sást illa frá Hrafnseyri en aðeins utar í firðinum sást til sólar. Búist var við fjölda gesta en um 15 gestir komu á Hrafnseyri og nutu með okkur þessa merkilega viðburðar.



Mögnuð birta á Hrafnseyri.



Gestir okkar þennan merka dag.

16. ágúst | Þjóðbúningamessa á Hrafnseyri

Þann 16. ágúst var stórviðburður á Hrafnseyri þegar hluti dagskrár Þjóðbúningafélags Íslands fór fram þar. Dagskráin bar nafnið „Búninginn í bílinn“ og var haldin á Vestfjörðum. Skemmtileg dagskrá var haldin á Ísafirði þann 15. ágúst og daginn eftir komu allir á Hrafnseyri þar sem staðarhaldari hélt fyrirlestur. Síðan héldu allir til þjóðbúningamessu þar sem sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir þjónaði fyrir altari. Kirkjan var smekkfull og staðið var allt í kringum kirkjuna og einnig á tröppunum fyrir utan. Yndislegt veður var þennan dag og um 80 manns í fögrum þjóðbúningum nutu samverunnar á Hrafnseyri.









16. ágúst | Sagnakvöld Kómedíuleikhússins

Síðar um kvöldið hélt staðarhaldari yfir í næsta fjörð og talaði á öðru sögukvöldi Kómedíuleikhússins og fræddi gesti um sögur úr Arnarfirði.



Þær eru margar sögurnar úr Arnarfirði.

22. ágúst | Söguganga Ferðafélags Ísafjarðar

Þann 22. ágúst var staðarhaldari með sögugöngu um minjasvæði Arnarfjarðar fyrir Ferðafélag Ísafjarðar. Mjög leiðinlegt veður var þennan dag og komu aðeins fimm gestir en ferðin var engu að síður vel heppnuð. Setið var lengi á kaffihúsinu eftir ferðina og rætt um hin ýmsu mál.



Haldið af stað í rigningu og roki.



Notaleg stund á eftir á kaffihúsinu.

29. ágúst | Nemendur Háskólaseturs Vestfjarða

Þann 29. ágúst kom stór hópur nemenda frá Háskólasetri Vestfjarða og fékk sögugöngu um minjasvæðin í Arnarfirði og fékk síðar kökur og kaffi á Hrafnseyri. Þetta er mjög áhugasamur og skemmtilegur hópur af ungu fólki sem er að hefja nám á Vestfjörðum.



Frábær hópur háskólanema frá Háskólasetri Vestfjarða.

Síðari hluti ágúst | Hvalir í Arnarfirði

Mikið var af hvölum í Arnarfirði síðari hluta sumars og var mjög vinsælt meðal gesta að skoða þá frá Hrafnseyri.

30. ágúst | Erindi um hvalarannsóknir

Þann 30. ágúst komu vísindamenn sem vinna við rannsóknir á hvölum á Vestfjörðum og héldu fyrirlestur um rannsóknir sínar. Þessi sami hópur dvelur svo á Hrafnseyri í október við rannsóknir á hvölum og er það hluti af því starfi að laða að vísindamenn og háskóla til að koma á Hrafnseyri og nýta þennan einstaka stað til rannsókna.



Tom Grove hvalavísindamaður flytur fyrirlestur.



Hvalir í Arnarfirði.

September

September | Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu

Fornleifarannsókn fór fram á Hrafnseyri og Auðkúlu í september en hún var mun minni en undanfarin ár sökum þess að styrkir voru skornir niður. Gólf í þeim hluta skálans sem hefur verið grafinn upp var grafið, sem og skurður tekinn í öskuhaug á Auðkúlu. Tveir fornleifafræðingar unnu við rannsóknina en undanfarin 15 ár hafa um tíu fornleifafræðingar og nemendur unnið að rannsóknum í Arnarfirði. Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar styrkti rannsóknir svo hægt væri að ljúka þeim hluta svæðis sem þegar hefur verið opnaður. Restin af skálanum mun hvíla undir grasi þar til fjármagn fæst til að halda áfram en þetta er mikilvægur hluti af starfsemi á Hrafnseyri.



Langeldur og golf í skálanum á Hrafnseyri.




Merkilegur plógur sem fannst á Auðkúlu

Október

11. október | Ljósamessa í Hrafnseyrarkirkju

Síðasti viðburður sumarsins fór svo fram þann 11. október þegar ljósamessa var haldin á Hrafnseyri. Kveikt var á olíulömpum í kirkjunni en ekki hefur verið kveikt á þeim síðan um 1962. Þeir eru úr Dómkirkjunni í Reykjavík en komu í Hrafnseyrarkirkju eftir að rafmagn var leitt í Dómkirkjuna. Ekkert rafmagn er hins vegar í Hrafnseyrarkirkju og gerði það þessa kvöldstund magnaða með olíuljósum og kertum. Sr. Hildur Inga þjónaði fyrir altari og eftir guðsþjónustuna var öllum boðið í messukaffi. Kirkjan varð 140 ára í ár og var því fagnað þennan haustdag. Kirkjan var nánast full og allir nutu dásamlegrar kvöldstundar.





Frá Ljósamessu að hausti á Hrafnseyri

Lokaorð og gestakomur

Þannig endaði þetta sumar. Við mæðgur sem sinnum starfi staðarhaldara og kaffihússtjóra þökkum öllum sem lögðu leið sína til okkar í sumar. Við lögðum upp með metnaðarfulla viðburðadagskrá og hlutum til þess stuðning frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar. Það hefur sannast undanfarin tvö ár að fólk sækir viðburði á Hrafnseyri séu þeir í boði. Hrafnseyri hefur sótt í sig veðrið sem

staður þar sem fólk getur komið og notið náttúru, menningar og ýmiss konar afþreyingar. Þrátt fyrir að vera úr alfaraleið hafa undanfarin tvö sumur sannað að það stoppar ekki fólk í að koma. Vegurinn er hins vegar mesti farartálminn og myndu enn fleiri ferðaþjónustuaðilar koma ef hann væri betri. Við erum samt heppnar að sumir ferðaskipuleggjendur leggja á sig að keyra til okkar til að gefa gestum sínum kost á að heimsækja þennan fallega stað sem Hrafnseyri er. Framkvæmdir við veginn gerðu þetta enn verra í sumar en við vonum að við lok framkvæmda verði vegurinn lagfærður og mögulega gerður betri. Það var mikill kvíði í okkur að þessar framkvæmdir myndu draga umtalsvert úr gestakomum. Sú varð ekki raunin og um 5.100 gestir heimsóttu staðinn sem er aukning frá fyrri árum. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og bjóða upp á metnaðarfulla viðburðadagskrá á Hrafnseyri og leggja áherslu á að heimsókn á þennan merkilega sögustað sé bæði ánægjuleg og fræðandi fyrir gesti, bæði innlenda og erlenda. Nokkur aukning var í komum innlendra gesta í júlí frá fyrra ári, eða um 200 fleiri. Nathab-hópar sem eru hópar frá ferðaskrifstofunni Natural Habitat komu tvisvar sinnum í viku frá miðjum júlí til enda september. Fá þeir leiðsögn frá staðarhaldara í hverri ferð og skoða sögur og minjar á svæðinu. Einnig kaupa þeir veitingar á kaffihúsinu. Fornleifarannsóknir hafa dregið að fjölda gesta á Hrafnseyri og í Arnarfjörð undanfarin 15 ár og eru orðnar hluti af starfsemi á Hrafnseyri þar sem nemendur og fornleifafræðingar hafa dvalið í um mánuð á hverju ári þar til í ár.



Staðarhaldari sem jafnframt hefur stýrt fornleifarannsóknum síðust 15 ár sýnir fornleifarannsóknir á Hrafnseyri í sumar fyrir Nathab-hóp.